

## Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir notanda lyfsins

### Levonorgestrel Apofri 1,5 mg töflur levonorgestrel

#### Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.

Alltaf skal nota lyfið nákvæmlega eins og lýst er í þessum fylgiseðli eða eins og læknirinn eða lyfjafræðingur hefur mælt fyrir um.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum eða ráðgjöf.
- Látið lækninn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.

#### Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:

1. Upplýsingar um Levonorgestrel Apofri og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Levonorgestrel Apofri
3. Hvernig nota á Levonorgestrel Apofri
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Levonorgestrel Apofri
6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

#### 1. Upplýsingar um Levonorgestrel Apofri og við hverju það er notað

Levonorgestrel Apofri er neyðargetnaðarvörn sem nota á innan 72 klst. (3 daga) frá óvörðum samfórum eða ef getnaðarvörn sem verið er að nota bregst.

Það á við í eftirfarandi tilvikum:

- Þegar engin getnaðarvörn var notuð við samfarir.
- Þegar getnaðarvörn var rangt notuð, t.d. ef smokkur rifnaði, rann af eða var notaður á rangan hátt, ef leghringur eða hetta færðist úr stað, rifnaði, var ónýt fyrir eða tekin úr of snemma, ef ekki tókst að rjúfa samfarir (t.d. sæði sprautast inn í leggöng eða á ytri kynfæri).

Levonorgestrel Apofri inniheldur samtengt efni, levonorgestrel, sem líkir eftir hormóni í líkamanum. Það kemur í veg fyrir um 85% væntanlegra þungana þegar það er tekið innan 72 klst. frá óvörðum samfórum. Það mun ekki koma í veg fyrir þungun í öllum tilvikum og er áhrifaríkara ef það er tekið eins fljótt og hægt er eftir óvarðar samfarir. Betra er að taka það innan 12 klst. frekar en að bíða þangað til á þriðja degi.

Levonorgestrel Apofri er talið verka með því að:

- hindra egglos;
- hindra að sæðisfruma frjóvgi egg sem þegar hefur verið losað.

Levonorgestrel Apofri getur aðeins komið í veg fyrir þungun ef það er tekið innan 72 klst. frá óvörðum samfórum. Það virkar ekki ef þú ert þegar orðin þunguð. Ef óvarðar samfarir eiga sér stað eftir að Levonorgestrel Apofri hefur verið notað (einnig ef þetta á sér stað í sama tíðahring) mun lyfið ekki koma í veg fyrir þungun eftir seinni samfarir.

Levonorgestrel Apofri er ekki ætlað til notkunar áður en þú hefur haft fyrstu tíðablæðingar.

#### 2. Áður en byrjað er að nota Levonorgestrel Apofri

##### Ekki má nota Levonorgestrel Apofri:

- ef um er að ræða ofnæmi fyrir levonorgestreli eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins (talin upp í kafla 6).

## Varnaðarorð og varúðarreglur

Ef eitthvað af eftirfarandi á við um þig skaltu ræða við lækninn áður en þú tekur Levonorgestrel Apofri sem neyðargetnaðarvörn, þar sem hugsanlegt er að neyðargetnaðavörn henti ekki fyrir þig. Læknirinn gæti ávísað annars konar neyðargetnaðarvörn handa þér.

- Ef þú ert þunguð eða heldur að þú gætir verið þunguð. Lyfið mun ekki virka ef þú ert þegar þunguð. Ef þú ert þegar þunguð getur Levonorgestrel Apofri ekki rofið þungunina. Levonorgestrel Apofri er ekki „fóstureyðingarpilla“.

Þú gætir þegar verið þunguð ef:

- blæðingar eru meira en 5 dögum á eftir áætlun eða þú hefur óreglulegar blæðingar þegar næstu reglulegu blæðingar eru væntanlegar
- þú hefur haft óvarðar samfarir fyrir meira en 72 klst. í þessum tíðahring.

Notkun Levonorgestrel Apofri er ekki ráðlögð ef:

- þú ert með sjúkdóm í smáþörmum (eins og Crohns sjúkdóm) sem truflar frásog lyfsins
- þú ert með alvarlegt lifravandamál
- þú hefur sögu um utanlegsfóstur
- þú hefur sögu um legpípubólgu (bólga í eggjaleiðara).

Fyrri utanlegsfóstur eða sýking í eggjaleiðara eykur hættu á nýju utanlegsfóstri.

Allar konur skulu nota neyðargetnaðarvörn eins fljótt og hægt er eftir óvarðar samfarir. Sannindamerki eru um að verkun Levonorgestrel Apofri geti minnkað með aukinni þyngd eða hækkuðum líkamsþyngdarstuðli (BMI) en þessar upplýsingar eru takmarkaðar og ófullnægjandi. Því er Levonorgestrel Apofri enn ráðlagt fyrir allar konur, óháð þyngd og líkamsþyngdarstuðli.

Ef þú hefur áhyggjur af vandamálum sem tengjast notkun neyðargetnaðarvarnar skaltu hafa samband við heilbrigðisstarfsmann.

## Börn og unglingsar

Levonorgestrel Apofri er ekki ætlað til notkunar fyrir fyrstu tíðablæðingar.

### Ef þú hefur áhyggjur af kynsjúkdómum

Ef ekki var notaður smokkur (eða ef hann rifnaði eða rann af) við samfarir, er hugsanlegt að þú hafir smitast af kynsjúkdómi eða HIV veirunni.

Þetta lyf verndar þig ekki gegn kynsjúkdómum, aðeins smokkur getur gert það. Leitaðu ráða hjá lækninum, hjúkrunarfræðingi, heilsugæslu eða lyfjafræðingi ef þú hefur áhyggjur af þessu.

## Notkun annarra lyfja samhliða Levonorgestrel Apofri

Látið lækninn eða lyfjafræðing vita um öll önnur lyf sem eru notuð, hafa nýlega verið notuð eða kynnu að verða notuð, þar með talin lyf sem fengin eru án lyfseðils og (hefðbundin) náttúrulyf/náttúrvörur. Sum lyf geta komið í veg fyrir að Levonorgestrel Apofri virki nógu vel. Ef þú hefur notað eitthvert eftirfarandi lyfja á síðastliðnum 4 vikum er ekki víst að Levonorgestrel Apofri henti þér eins vel. Læknirinn gæti ávísað annars konar (án hormóna) neyðargetnaðarvörn handa þér, þ.e. koparlykkju. Ef þetta er ekki möguleiki fyrir þig, eða ef þú kemst ekki strax til læknis, getur þú tekið tvöfaldan skammt af Levonorgestrel Apofri:

- barbítúrot og önnur lyf sem notuð eru við flogaveiki (t.d. primidon, phenytoin og carbamazepin)
- lyf sem notuð eru til meðferðar við berklum (t.d. rifampicin, rifabutin)
- meðferð við HIV (ritonavir, efavirenz)
- lyf við sveppasýkingum (griseofulvin)
- jurtalyf sem innihalda jóhannesarjurt (*Hypericum perforatum*, St. John's Wort)

Leitið ráða hjá lyfjafræðingi eða lækni ef þörf er á frekari ráðleggingum varðandi rétta skömmtun.

Leitið til læknis eins fljótt og hægt er eftir að töflurnar eru teknar til að fá nánari ráðleggingar varðandi örugga getnaðarvörn til að nota reglulega og til að útiloka þungun. (Sjá einnig kafla 3 „Hvernig nota á Levonorgestrel Apofri“).

Levonorgestrel Apofri getur einnig haft áhrif á hversu vel önnur lyf virka  
- lyf sem kallast ciclosporin (ónæmisbælandi lyf).

### **Hversu oft má nota Levonorgestrel Apofri**

Einungis á að nota Levonorgestrel Apofri í neyðartilvikum en ekki sem reglulega getnaðarvörn. Ef Levonorgestrel Apofri er notað oftar en einu sinni í tíðahring er verkun þess síður áreiðanleg og líklegra er að það valdi truflun á tíðahringnum (blaðeðingum). Levonorgestrel Apofri virkar ekki eins vel og regluleg getnaðarvörn. Hjá lækninum, hjúkrunarfræðingi eða á heilsugæslunni getur þú fengið upplýsingar um getnaðarvarnir til langtíma notkunar sem eru áhrifaríkari til að koma í veg fyrir þungun.

### **Meðganga, brjósttagjöf og frjósemi**

Við meðgöngu, brjósttagjöf, grun um þungun eða ef þungun er fyrirhuguð skal leita ráða hjá lækninum eða lyfjafræðingi áður en lyfið er notað.

Þú átt ekki að taka þetta lyf ef þú ert þegar þunguð. Ef þú verður þunguð þrátt fyrir að hafa tekið þetta lyf er mikilvægt að þú farir til læknis. Engar upplýsingar eru fyrirliggjandi um að notkun Levonorgestrel Apofri skaði fóstur ef það notað samkvæmt leiðbeiningum. Engu að síður getur læknirinn viljað ganga úr skugga um að ekki sé um að ræða utanlegsfóstur. Þetta er sérstaklega mikilvægt ef þú færð mikinn kviðverk eftir að hafa tekið Levonorgestrel Apofri eða ef þú hefur áður fengið utanlegsfóstur, gengist undir aðgerð á eggjaleiðara eða fengið grindarholsbólgu (e. pelvic inflammatory diseasea).

Virka innihaldsefni lyfsins skilst út í brjóstamjólk. Því er mælt með því að þú takir töfluna strax eftir brjósttagjöf og forðist brjósttagjöf í a.m.k. 8 klst. eftir töku levonorgestrels og tæmir brjóstin með brjóstapumpu í 8 klst. eftir að þú tekur töfluna. Þannig er taflan tekin löngu fyrir næstu gjöf og magn virks efnis sem barnið getur fengið með brjóstamjólkinni er minnkað.

Levonorgestrel Apofri eykur líkur á truflun á tíðahring, sem getur stundum flýtt eða seinkað egglosi og þannig breytt frjósemisdögum. Þó engar langtíma upplýsingar séu fyrirliggjandi um frjósemi í kjölfar meðferðar með Levonorgestrel Apofri er búist við að frjósemi verði fljótt aftur eðlileg og því skal halda áfram reglulegri notkun getnaðarvarnar eða hefja hana eins fljótt og hægt er eftir notkun Levonorgestrel Apofri.

### **Akstur og notkun véla**

Ekki er líklegt að Levonorgestrel Apofri töflur hafi áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla. Ef þú finnur fyrir þreytu eða svima skaltu þó ekki aka eða nota vélar.

Hver og einn verður að leggja mat á getu sína til aksturs og starfa sem krefjast óskertrar árvekni. Eitt af því sem getur haft áhrif á slíkt er lyf, vegna verkunar sinnar eða aukaverkana. Lýsing á verkun og aukaverkunum er í öðrum köflum fylgiseðilsins. Lesið því allan fylgiseðilinn. Ef þörf er á skal ræða þetta við lækni eða lyfjafræðing.

### **Levonorgestrel Apofri inniheldur laktósa (mjólkursykur)**

Ef um er að ræða ópol fyrir mjólkursykri (laktósa) skal hafa í huga að hver Levonorgestrel Apofri tafla inniheldur 43 mg af laktósa einhýdrati.

Ef ópol fyrir sykrum hefur verið staðfest skal hafa samband við lækni áður en lyfið er tekið inn.

### **Levonorgestrel Apofri inniheldur natrium**

Lyfið inniheldur minna en 1 mmól (23 mg) af natrium í hverri töflu, þ.e.a.s. er sem næst natriumlaust.

### **3. Hvernig nota á Levonorgestrel Apofri**

Alltaf skal nota lyfið nákvæmlega eins og lýst er í þessum fylgiseðli eða eins og læknirinn eða lyfjafræðingur hefur mælt fyrir um. Ef ekki er ljóst hvernig nota á lyfið skal leita upplýsinga hjá lækninum eða lyfjafræðingi.

- Taktu töfluna eins fljótt og hægt er, helst innan 12 klst. og ekki seinna en 72 klst. (3 dögum) eftir óvarðar samfarir. Levonorgestrel Apofri má taka hvenær sem er í tíðahringnum, svo framarlega sem þú ert ekki þegar þunguð eða heldur að þú getir verið þunguð. Ekki má tyggja töfluna heldur skal gleypa hana í heilu lagi með vatni. Ekki fresta töku töflunnar. Taflan virkar best því fyrr sem þú tekur hana eftir óvarðar samfarir. Lyfið getur einungis komið í veg fyrir þungun ef það er tekið innan 72 klst. frá óvörðum samförum.
- Ef þú notar eitthvert lyfjanna sem geta hindrað að Levonorgestrel Apofri virki nægilega vel (sjá kaflann hér að framan „Notkun annarra lyfja samhliða Levonorgestrel Apofri“) eða ef þú hefur notað eitthvert þessara lyfja á síðastliðnum 4 vikum er ekki víst að Levonorgestrel Apofri virki eins vel hjá þér. Læknirinn gæti ávísat annarri gerð af neyðargetnaðarvörn (án hormóna), þ.e. koparlykkju. Ef þetta er ekki möguleiki fyrir þig eða ef þú kemst ekki strax til læknisins getur þú tekið tvöfaldan skammt af Levonorgestrel Apofri (þ.e. 2 töflur samtímis).
- Ef þú notar þegar getnaðarvörn reglulega, svo sem getnaðarvarnartöflur, getur þú haldið áfram að taka hana á venjulegum tíma.

Ef þú hefur aftur óvarðar samfarir eftir að þú hefur notað Levonorgestrel Apofri (einnig ef þetta gerist í sama tíðahring), mun taflan ekki virka sem getnaðarvörn og aftur verður hætta á þungun.

Ef þú hefur áhyggjur af vandamálum sem tengjast notkun neyðargetnaðarvarnar skaltu hafa samband við heilbrigðisstarfsmann.

#### **Hvað skal gera ef þú færð uppköst**

Ef þú kastar upp innan 3 klst. eftir að hafa tekið töfluna átt þú strax að taka aðra töflu.

#### **Eftir að þú hefur tekið Levonorgestrel Apofri**

Ef þú vilt hafa samfarir eftir að þú hefur tekið Levonorgestrel Apofri og ert ekki að nota getnaðarvarnartöflur átt þú að nota smokk eða hettu ásamt sæðisrepandi kremi fram að næstu tíðablæðingum. Það er vegna þess að Levonorgestrel Apofri verkar ekki ef þú hefur óvarðar samfarir aftur áður en næstu blæðingar eru væntanlegar.

Ef þú hefur tekið Levonorgestrel Apofri er þér ráðlagt að panta viðtal hjá lækninum þínum u.þ.b. þremur vikum síðar, til að ganga úr skugga um að Levonorgestrel Apofri hafi virkað. Ef blæðingum hefur seinkað um meira en 5 daga eða voru óvenjulega litlar eða miklar átt þú að ræða við lækninn eins fljótt og hægt er. Ef þú verður þunguð þrátt fyrir að hafa tekið þetta lyf er mikilvægt að þú farir til læknis.

Læknirinn getur einnig frætt þig um langtíma getnaðarvarnir sem eru áhrifaríkari til þess að koma í veg fyrir þungun.

Ef þú heldur áfram að nota hormónagetnaðarvörn reglulega, eins og pilluna, og þú færð ekki blæðingar á pillufríu tímabilinu skaltu tala við lækninn þinn til að ganga úr skugga um að þú sért ekki þunguð.

#### **Næstu tíðablæðingar eftir notkun Levonorgestrel Apofri**

Eftir að Levonorgestrel Apofri er notað eru blæðingarnar yfirleitt eðlilegar og munu hefjast á réttum degi; þó geta þær stundum komið nokkrum dögum fyrr eða seinna. Ef blæðingarnar hefjast seinna en 5 dögum eftir að búist var við þeim, ef óeðlileg blæðing verður á þeim tíma eða ef þú heldur að þú gætir verið þunguð, skaltu athuga hvort þú sért þunguð með því að gera þungunarpróf.

## **Ef tekinn er stærri skammtur en mælt er fyrir um**

Ef of stór skammtur af lyfinu hefur verið tekinn, eða ef barn hefur í ógáti tekið inn lyfið skal hafa samband við lækni, sjúkrahús eða eitrunarmiðstöð (sími 543 2222).

Þó ekki hafi verið tilkynnt um alvarlegar skaðlegar aukaverkanir af því að taka of margar töflur í einu getur ógleði komið fyrir, uppköst eða blæðing frá leggöngum. Leitaðu ráða hjá lyfjafræðingi, lækni, hjúkrunarfraeðingi eða á heilsugæslunni, sérstaklega ef þú hefur kastað upp, þar sem taflan gæti hugsanlega ekki hafa verkað nægjanlega vel.

Leitið til læknisins eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um notkun lyfsins.

## **4. Hugsanlegar aukaverkanir**

Eins og við á um öll lyf getur þetta lyf valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

### **Mjög algengar (geta komið fyrir hjá fleiri en 1 af hverjum 10 einstaklingum):**

- Flökurleiki (ógleði)
- Óreglulegar blæðingar fram að næstu blæðingum
- Verkur í neðri hluta kviðar
- Preyta
- Höfuðverkur

### **Algengar (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 10 einstaklingum):**

- Ógleði (uppköst). Ef um ógleði er að ræða skal lesa hlutann „Hvað skal gera ef þú færð uppköst“).
- Blæðingarnar gætu verið öðruvísi. Flestar konur fá eðlilegar tíðablæðingar á réttum tíma, en sumar gætu fengið blæðingar fyrr eða seinna en venjulega. Þú gætir fengið óreglulegar blæðingar eða blettablæðingar fram að næstu blæðingum. Ef blæðingarnar eru meira en 5 dögum of seinar eða voru óvenjulega litlar eða miklar átt þú að ræða við lækninn eins fljótt og hægt er.
- Þú gætir fundið fyrir eymslum í brjóstum, fengið niðurgang eða svima eftir töku lyfsins.

### **Koma örsjaldan fyrir (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 10.000 einstaklingum):**

- Útbrot, ofskláði, kláði, bólga í andliti, verkur í grindarholi, sársaukafullar tíðablæðingar.

### **Tilkynning aukaverkana**

Látið lækninn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint til Lyfjastofnunar, [www.lyfjastofnun.is](http://www.lyfjastofnun.is). Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

## **5. Hvernig geyma á Levonorgestrel Apofri**

### **Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.**

Ekki skal nota lyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á umbúðunum. Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

Engin sérstök fyrirmæli eru um geymsluaðstæður lyfsins.

Ekki má skola lyfjum niður í frárennslislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi. Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

## **6. Pakkningar og aðrar upplýsingar**

### **Levonorgestrel Apofri inniheldur**

Virka innihaldsefnið er levonorgestrel. Hver tafla inniheldur 1,5 mg af levonorgestreli.

Önnur innihaldsefni eru: Örkristallaður sellulósi, laktósa einhýdrat, póloxamer 188, natriúm kroskarmellósa og magnesíum sterat.

### **Lýsing á útliti Levonorgestrel Apofri og pakkningastærðir**

Kringlótt, hvít tafla, u.p.b. 6 mm í þvermál og merkt með „C“ á annarri hliðinni og „1“ á hinni hliðinni.

Pakkning: Ein tafla í álpynnu í öskju.

### **Markaðsleyfishafi og framleiðandi**

#### Markaðsleyfishafi

Evolan Pharma AB

Box 120

182 12 Danderyd

Svíþjóð

#### Framleiðandi

Laboratorios León Farma S.A., C/ La Vallina s/n, Pol. Ind. Navatejera, 24193-Villaquilambre (León),  
Spánn

*Vinsamlega hafið samband við fulltrúa markaðsleyfishafa ef óskað er frekari upplýsinga um lyfið*

LYFIS ehf.

Sími: 534 3500

Netfang: [lyfis@lyfis.is](mailto:lyfis@lyfis.is)

**Pessi fylgiseðill var síðast uppfærður í október 2024.**